

19. janúar 2015 kl: 19:30



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Berglind Ása Pedersen, Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir. Fjarverandi: Sigríður Ásta Hauksdóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. Innheimtur. Guðbjörg greindi frá stöðu innheimtugjalda fyrir árið 2014. Innheimtur eru með ágætum í ár og stjórn foreldrafélagsins því sátt.
2. Stuttmyndadagar. Foreldrafélagið ætlar að kanna hvort Kristján Kristjánsson hjá N4 hefur tök á því að hitta nemendur á stuttmyndadögum eins og undanfarin ár.
3. Bekkjarfulltrúar. Bekkjarfulltrúar þessa skólaárs hafa í afar litlu mæli sótt til foreldrafélagsins þann pening sem þeir eiga rétt á. Sigríður Ásta kemur til með að athuga stöðuna hjá bekkjarfulltrúum.
4. Forvarnafræðsla. Framundan er fræðsla fyrir nemendur í 6. bekk um ábyrga notkun á Internetinu og öðru því tengdu. Þessi fyrirlestur er haldinn í samstarfi við SAFT ásamt Heimili og skóla. Stjórn foreldrafélagsins samþykkti að styrkja fyrirlesturinn sem nemur 800 krónum á barn, samtals 33.600.
Athuga á mögulega forvarnarfræðslu fyrir 7. bekk.
5. Viðburður fyrir yngsta stig. Foreldrafélagið stefnir að því að kosta einn viðburð fyrir yngsta stigið á vorönn. Verið er að kanna hvaða möguleikar eru í boði.
6. Vinaliðaverkefni. Rætt um hvernig vinaliðaverkefnið reynist í skólanum. Halda þarf vel utan um það verkefni svo vel takist til.
7. Skólabúðir. Giljaskóli hefur hingað til sent 7. bekk ár hvert í skólabúðirnar að Reykjum í Hrutafirði. Ákveðið var að rýna svolítið í fyrirkomulag skólabúðanna og bera saman það sem í boði er annarstaðar á landinu s.s. skólabúðirnar að Laugum í Sælingsdal. Góð umræða skapaðist en engar tillögur lagðar fram enn sem komið er.

Næsti fundur verður mánudaginn 9. febrúar klukkan 19:30.

Fundi slitið kl. 20:30.

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir